

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um merki á skólabifreiðum,
nr. 279 29. maí 1989.**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá notkun merkis fyrir skólabifreið, ef akstursleiðir bifreiðar eru þannig að farþegum er einungis hleypt inn eða út utan alfaravegar og skólanefnd mælir með.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 551

REGLUGERÐ

21. nóvember 1991

**um breytingu á reglugerð um sölu- og veitingar áfengis,
nr. 425 8. september 1989.**

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 9. gr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 552

AUGLÝSING

20. nóvember 1991

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Gnoðarvog við Engjaveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 18. desember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.

Böðvar Bragason.